

fyrir neitt afbrot, á undir 226. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, er hann hefur til unnið, hæfilega metin 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að því til málskostnaðar í hjeraði kemur og varnarlaun talsmanns ákærða þar, fellst yfirdómurinn á ákvæði hjeraðsdómsins. Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. —

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Gunnar Sveinsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga. Um málskostnað í hjeraði og varnarlaun hins skipaða talsmanns þar, skal hjeraðsdómnum óraskað. Svo greiði hinn ákærði allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Sigurðar Þórðarsonar og Franz Siemsens, 10 kr. til hvors þeirra. —

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 7/1886

Sveinn Gestsson
gegn
Bjarna Sigurðssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er svo til komið, að snemma sumars 1882 var kvennaður nokkur, Jóhanna Jónsdóttir, sem taldi sig hjú áfrýjanda, Sveins bónda Gestssonar í Árnakoti, á ferð að sunnan í kaupavinnu, en lagðist á heimili hins stefnda, Bjarna Sigurðssonar á Skálabrekku í Þingvallasveit, og lá þar veik fullar 44 vikur, þartil hun vorð eptir gat flutzt aptur til átt Haga sinna. Kostnaðurinn af þessari sjúkdómslegu nefndrar Jóhönnu varð allur 244 kr., og með því að hún var efnalaus sjálf, borgaði hreppsnefndin í Bessastaðahreppi, þar sem stulkan var sveitlæg, hinum stefnda þann hluta kostnaðar, 68 kr., sem taldist leiða af lækningu stúlkunnar og sjerstaklegri aðhjúkrun, en um það, sem eptir var af kostnaðinum, 176 kr., sem taldist fæðis- og húsnæðiskostnaður fyrir sjúklinginn, var áfrýjandi, sem þáverandi húsbóndi stúlkunnar, krafinn af hinum stefnda, sumpart fyrir milligöngu hreppsnefndarinnar í Bessastaðahreppi, sumpart beinlínis, og þegar áfrýjandi eigi vildi sinna þessum kröfum að neinu, var mál þetta höfð að gegn honum af hinum stefnda fyrir gestarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu, og dæmt þar svo hinn 20. jan. þ. á., að ef áfrýjandi eptir löglegan undirbúning og fyrir rjetti við varnarþing sitt synji fyrir það með eiði, að ofanefnd Jóhanna Jónsdóttir hafi verið vinnuhjú hans, er hún lagði af stað frá heimili hans í kaupavinnu sumarið 1882, þá eigi hann að vera sýkn fyrir kröfum hins stefnda og eigi þá málskostnaður að falla niður. En vinni áfrýjandi eigi þennan eið, eigi hann greiða stefnda 176 kr. með

5% vöxtum frá 3. júlí f. á. þartil upphæðinni væri lokið og 50 kr. í málskostnað.

Áfrýjandi hefur skotið þessum dómi til yfirdómsins með stefnu, dags. 12. marz þ. á., og krafizt þess þar, að dómnum yrði breytt þannig, að hann yrði sýknaður af öllum kærur og kröfum stefnda í málinu, og stefndi skyldaður til að greiða sjer allan málskostnað með einhverju hæfilegu, en hinn stefndi hefur aptur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sjer hæfilegan málskostnað fyrir yfirdóminum.

Áfrýjandi hefur haldið því fram, að ofannefnd Jóhanna Jónsdóttir hafi eigi verið vistráðið hjú hans þegar hún fór í kaupavinnu sumarið 1882 og lagðist veik, og þó svo hefði verið, hefur hann tekið það fram, að hún hafi komið vanfær á heimili hans þá um vorið, en dulið um ástand sitt, hafi svo lagzt í mislingum í júnimánuði og alið barn þvínær fullburða, en með þessari ótilhlýðilegri breytni sinni hefði hún fyrirgjört vistarrjetti sínum, ef hann hefði nokkur verið, og loks hefur áfrýjandi rengt það, að Jóhanna hafi sjúkleikans vegna eigi orðið flutningsfær til átt-haga sinna fyr en vorið 1882. En eins og nægileg sönnun verður að álitast vera framkomin fyrir þessu síðast nefnda atríði með vottorðum, sem stefndi hefur framlagt undir málinu um sjúkdómslegu Jóhönnu fra hlutaðeigandi sóknarpresti og hreppsnefnd, eins gat það atvik, að Jóhanna var vanfær þegar hún kom í vistina — og það hefur eigi getað dulizt, þar sem barn það, er hún ól mánuði síðar, var þvínær fullburða eptir vottorði yfirsetukonu — aðeins heimil- að áfrýjanda rjett til að neita að veita henni viðtöku

í vistina, en eigi leyst hann seinna, eptir að hann hafði látið þennan rjett sinn ónotaðan, frá þeirri skyldu að greiða hinum stefnda legukostnað, hafi annars Jóhanna verið vistráðið hjú hans þegar hún fór í kaupavinnu. Þessu hefur áfrýjandi, eins og áður er sagt, neitað, en haldið því fram, að Jóhanna, eptir því sem sjeð verður, aðeins hafi farið til hans sem húskona. Aftur hefur Jóhanna borið það fyrir rjetti, að hún hafi farið til áfrýjanda sem vistráðið hjú hans fyrir fardagaárið 18⁸²/₈₃, að áfrýjandi hafi búið hana út í kaupavinnu um sumarið og lagt henni til hest og fót til ferðarinnar, og að hún hafi álitíð, að hann ætti kaupgjald það, sem hún ynni til um sumarið í kaupavinnunni, og þó að hún hafi um leið borið það, að hún hafi eigi sjálf samið um vistarráðin við áfrýjanda, en að annar maður hafi átt að gjöra það fyrir hennar hönd, og framburður hennar því aðeins hljóðar um það, hvernig hún skoðaði veru sína hjá áfrýjanda, þá eru með þessum vitnisburði Jóhönnu, sem eigi hefur sjálfur verið rengdur, fram komin svo mikil líkindi fyrir því, að hún hafi verið vistráðið hjú áfrýjanda þegar hún fór í kaupavinnuna, að yfirdómurinn verður eins og undirdómurinn að álíta rjett, að áfrýjandi synji fyrir þetta með eidi. Og með því áfrýjandi ekki sjerstaklega hefur mótmælt kröfuupphæðinni, ber að staðfesta undir-rjettardóminn bæði að því aðalefni málsins snertir, eins og líka að því til málskostnaðar kemur. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á óraskaður að standa.
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá
löglegri birtingu hans undir aðför að lögum. —

Nr. 9/1886.

Rjettvísín

gegn

Þórði Þorvarðssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Árnassýslu 21. nóvbr. f. á. er ákærði, Þórður bóndi Þorvarðsson í Traðarholti í Stokkseyrarhreppi dæmdur fyrir þjófnað í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, en þessum dómi er bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til yfirdómsins.

Tildrög málsins eru þau, að 19. janúar f. á. kom húsmáður Sæmundur Guðmundsson á Rauðarhól í Stokkseyrarhreppi inn í Háeyrar sölubúð á Eyrarbakka og hafði meðferðis skjóðu með nokkru af kandís, kaffirót og kaffi í, sem hann hafði keypt í öðrum búðum á Bakkanum fyrir samtals 5 kr. 95 aura, en utanum skjóðuna var lítill poki eptir sögn Sæmundar. Í Háeyrarbúðinni skildi Sæmundur pokann með skjóðunni í eptir niðri fyrir framan búðarborðið, meðan hann fór þar upp á lopt, en þegar hann kom öfan aptur, var pokinn með skjóðunni horfinn. Fór Sæmundur þá að leita skjóðunnar, og hitti þá í vesturbænum á Stokkseyri ákærða Þórð bónda Þorvarðs-